

Segir Björt aðeins segja hálfan sannleikann

Lögðu fram vantraustsyfirlýsingu

„Sem starfandi formaður Geðhjálpar harma ég að málefnum félagsins hafi verið lekið í fjölmiðla á þann hátt sem birtist í umfjöllun Eyjunnar 17. desember síðastliðinn. Það er enn fremur óheppilegt að það vantraust sem borið var á þáverandi formann á stjórnarfundum 12. desember síðastliðinn sé nú sett í samhengi við framboð hennar með Bjartri Framtíð, sem hefur engin tengsl við málið. Þeir erfiðleikar og það vantraust sem hefur verið í stjórn Geðhjálpar á sér auk þess mun lengri sögu en nýtilkomið framboð,“ segir Jón Birgir Einarsson, varaformaður og starfandi formaður Geðhjálpar sem segist vera nauðbeygður til þess að fjalla um orð sem fyrrverandi formaður Geðhjálpar, Björt Ólafsdóttur, lét falla á [vefmiðlinum Eyjunn](#), á dögunum. Þar sagði Björt að hún væri að segja af sér sem formaður Geðhjálpar vegna fyrirhugaðs framboðs með Bjartri Framtíð til Alþingis.

Átök hafa verið í Geðhjálpar og hefur það verið borið upp margsinnis á stjórnarfundum að lagst verði í úttekt á málefnum félagsins. Björt segir að tillögu um úttekt á vegum velferðarráðuneytisins hafi verið hafnað á stjórnarfundum en Jón Birgir segir það aðeins vera hálfan sannleik heldur hafi stjórnin ekki fengið nægar upplýsingar um það hvað fælist í tillögunni hvað þá að staðfesting á vilja velferðarráðuneytisins hafi legið fyrir. Því hafi tillaga Bjartar í raun ónothæf.

Yfirlýsing Jóns Birgis er svohljóðandi:

Leiðrétting á rangfærslum Bjartar

Sem starfandi formaður Geðhjálpar harma ég að málefnum félagsins hafi verið lekið í fjölmiðla á þann hátt sem birtist í umfjöllun Eyjunnar 17. desember síðastliðinn. Það er enn fremur óheppilegt að það vantraust sem borið var á þáverandi formann á stjórnarfundum 12. desember síðastliðinn sé nú sett í samhengi við framboð hennar með Bjartri Framtíð, sem hefur engin tengsl við málið. Þeir erfiðleikar og það vantraust sem hefur verið í stjórn Geðhjálpar á sér auk þess mun lengri sögu en nýtilkomið framboð.

Í ljósi orða fráfarandi formanns í frétt Eyjunnar, þá neyðist ég til þess að bregðast við þeim staðhæfingum sem þar koma fram. Á stjórnarfundum í nóvember síðastliðnum kom fram sú krafa frá einum meðstjórnenda félagsins að stjórn myndi, hið fyrsta, fá óháðan aðila til þess að gera úttekt á starfsemi og stjórnarháttum Geðhjálpar en þá var orðið ljóst að lög félagsins höfðu verið brotin og góðir stjórnarhættir oft virtir að vettugi. Þessi krafa er bókfærð og staðfest í fundargerð félagsins. Síðan þá hefur tillagan um úttekt oft verið rædd á stjórnarfundum og eru stjórnarmenn á eitt sáttir um mikilvægi slíkrar úttektar. Fráfarandi formanni og núverandi stjórn er því fullkunnugt um þau atriði sem mest hafa verið gagnrýnd í stjórnartíð fráfarandi formanns, enda bera fundargerðir síðustu vikna því vitni.

Að tillaga um úttekt af hálfu velferðarráðuneytisins hafi verið felld af stjórn 12. desember síðastliðinn, sem fráfarandi formaður segir frá á Eyjunn *sl. mánudag*, er í besta falli *hálf-sannleikur*. Umrædd tillaga var í raun umorðun á því sem áður hafði komið fram á stjórnarfundum. Í henni var ekki að finna ítarlega sundurliðun á verksviði úttektarinnar né tilgreind markmið með henni. Ekki var rætt um umfang hennar, tímamörk og mögulegan kostnað. Engin viljayfirlýsing frá starfsmönnum ráðuneytisins um að taka verkið að sér fylgdi tillögunni, hvorki formleg undirritun starfsmanns ráðuneytisins né óformleg staðfesting í tölvupósti. Stjórn hafði ekki grænan grun um hvað var fólgið í þessari tillögu og taldi því fráleitt að samþykka hana sem slíka. Líkt og kemur fram í fundargerð vildi stjórn fresta atkvæðagreiðslu um tillöguna, þar til ítarlegri upplýsingar lægju fyrir, sem fráfarandi formaður féllst ekki á. Tillagan var því felld í sinni hráu og ófullkomnu mynd en um leið var bókfært að stjórn vildi fá ítarlegri og staðfesta tillögu á borð til sín, sem allra fyrst.

Jón Birgir Einarsson,

varaformaður og starfandi formaður Geðhjálpar